

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Súðavíkurhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu í Súðavíkurhreppi, nr. 816/2003.

2. gr.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hefur ákveðið að sorphreinsigjald verði 17.439 kr. og sorpförgunargjald 21.800 kr. samkvæmt samþykkt um sorphirðu. Auk þess hefur sveitarstjórn ákveðið að:

Sorpförgunargjald á lögbyli í dreifbýli	29.401 kr.
Sorpförgunargjald á sumarhús í ytri Súðavík	17.296 kr.
Önnur sumarhús í dreifbýli	21.945 kr.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar:

Flokkur 1	30.477 kr.
Flokkur 2	91.432 kr.
Flokkur 3	182.682 kr.

3. gr.

Móttöku- og urðunargjald rekstraraðila á endurvinnslustöð:

- Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastumbúðir, hjólbarða, heyrúlluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- Íbúar Súðavíkurhrepps þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir garðaúrgang.
- Gjald fyrir móttöku á gámasvæði Súðavíkurhrepps: Blandaður/grófur úrgangur 35 kr./kg
Timbur 40 kr./kg.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Súðavíkurhrepps, staðfestist samkvæmt heimild 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Súðavíkurhreppi, nr. 816/2003, skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1141/2011 fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Súðavíkurhreppi.

Samþykkt í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps, 11. febrúar 2022.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 24. júní 2022